

# Eitilharður einræðisherra

■ Fidel Castro lætur nú af forsetaembætti Kúbu eftir tæplega hálfra aldar forsetaferil ■ Afdráttarlaus kommúnisti og þjóðarkúgari ■ Afgerandi breytingar bíða þess að hann verði úr heimi hallur.

## SVIPMYND

Eftir Freysteinn Jóhannsson  
freysteinn@mbl.is

1938 sendi tólf ára drengur á Kúbu Bandaríkjaforseta aðdánarbréf með ósk um 10 dollaraseðil. Þessi drengur varð síðar forseti síns föðurlands, en hefur látið það ógert að ausa forseta handan sundsins lofi, heldur hafa þeir vægast sagt eldað grátt silfur saman og nú þegar Kúbumaðurinn lætur af embætti þá þykir honum einna sárast að hann skuli ekki hafa setið af sér enn einn Bandaríkjaforsetann, þann tíunda.

Vegna veikinda síðustu misseri fól Fidel Castro, Kúbuforseti, Raúl bróður sínum stjórnartaumana og nú hefur hann tilkynnt að hann sé ekki í framboði til frekari setu á forsetastóli. Þing Kúbu mun kjósa eftirmann hans í dag.

Rætt hefur verið um að Raúl verði kosinn forseti, en menn líta líka til þeirra orða Castro að hann vilji ekki standa lengur í vegi yngri manna sem vísbendingu þess að næsti forseti Kúbu verði af annarrí kynslóð en þeir Castrobræður. Fari svo að Raúl verði kjörinn er lítið á það sem eins konar biðleik, litlar breytingar verði á Kúbu, til þess er Raúl einfaldlega of gamall í hettunni og háður bróður sínum, sem mun án efa láta til sín taka bak við tjöldin. Þessi millikaffi myndi vara meðan Castro dregur andann, en að honum gengnum munu koma yngri menn á valdastólana, menn sem færa Kúbu í lýðræðisátt og laga sambandið við þau ríki, sem Castro hefur haft á óvinalistanum.

### Meiri áhugi á íþróttum en bókum

Fidel Alejandro Castro Ruz fæddist 13. ágúst 1926 á sykurbylí í Birán á Kúbu, þar nærri sem Holguínherað er nú. Hann var þriðji í röð barna Ángel Castro y Argiz, fransks innflytjanda, sem varð auðugur af sykuríðnaði. Móðirin, Lina Ruz Conzáles, sem einnig var af frönsku bergi brotin, var þjónustustúlka á heimilinu, en Ángel Castro var kvæntur maður, Maríu Luisu Argota. Þegar Fidel var 17 ár gekk faðir hans að eiga móður hans, en þau höfðu þá eignast 7 börn; þrjá drengi og fjórar stúlkur. Og hálf systkini þeirra voru tvö. Þegar Ángel Castro gekk að eiga Linu Ruz Conzáles tók Fidel upp nafn hans og varð Fidel Castro í



Reuters

**Hörkutól** Fidel Castro Kúbuforseti hefur verið hörkutól á valdastóli, en verður nú að draga sig í hlé.

stað Fidel Ruz. Fidel og systkini hans urðu framanaf skotspónar annarra fyrir „föðurleysið“, en þótt bernskan yrði honum erfiðari fyrir vikið, gekk hann í góða skóla, einkarekna kapólska heimavistarskóla og eftir það í Belén framhaldsskólanum í Havana. Fidel Castro var meira fyrir íþróttir en bóknám og í Belén var hann valinn í hafnaboltið skólans, þar sem hann vakti þá athygli að sögur fóru af tilboðum frá bandarískum hafnaboltaliðum.

1945 hóf Castro lögfræðinám við Havanaháskóla og var fyrr en varði kominn á kaf í stúdentapólitíkina sem dró dóm af hvílyndi stjórnmalanna á Kúbu. Þegar harðnaði á þeim dalnum urðu miklir flokkadrættir meðal stúdenta og var ekki óalgengt að kæmi til átaka þeirra í millum, þar sem vopn urðu uppi. Svo mikil harka færðist í hópana að Castro tók þátt í morðtilraun gegn einum andstæðingi sínum.

### Slapp fyrir horn í Kólumbíu

1947 gekk Castro í flokk Eduardo Chibás, sem bauð sig fram til forseta gegn Ramón Grau San Martín sem stóð höllum fæti sakir spillingar, sem hafði vaðið uppi í forsetatíð hans. Chibas og flokkur hans börð-

ust gegn spillingu, kröfðust þjóðfélagsumbót og vildu losa Kúbu undan fjötrum bandarískra stórfyrirtækja og úr herkví þeirra og kúbönsku yfirstéttarinnar. Chibás tapaði kosningunum, en Castro leit á hann sem sinn pólitíska læriföður og barðist áfram fyrir málstað hans.

Ársgamall í flokki Chibás fór Castro til Bogotá í Kólumbíu á stúdentapöng rómönsku Ameríku, sem lenti á sama tíma og þing Ameríkusambandsins; bandarískra samtaka sem urðu undanfari Samtaka Ameríkuríkja. Til mikilla óeirða kom í borginni og slapp Castro með naumindum í kúbanska sendiráðið sem kom honum heim aftur.

### Fjölskyldan

Heimkominn kvæntist Castro Mirtu Díaz Balart, sem var af auðugu fólki komin og fékk Castró þar með nasasjón af lífi kúbönsku yfirstéttarinnar. Pau eignuðust soninn Fidel Castro Díaz-Balart, sem m.a. stýrði kjarnorkunefnd Kúbu. Castro og Mirta skildu 1955 og hún giftist á Spáni, en kom svo aftur til Kúbu og býr hjá syni sínum. Castro eignaðist utan hjónabands dóttur, Alínu Fernández-Revuelta, sem flúði Kúbu

» Castro var fljótur að snúa við blaðinu og beitti engum vettlingatökum, þegar hann var búinn að skipa sér í kommúnistaliðið.

1993 og sótti um hæli í Bandaríkjunum, þar sem hún hefur opinberlega talað gegn pólitík föður síns.

Castro kvæntist aftur; Daliu Soto del Valle og eignaðist með henni fimm syni; Alexis, Alexander, Alejandro, Antonio og Angel.

### Þegar lögin þraut tók byltingin við

Castro lauk laganámi 1950 og hóf störf á lögfræðiskrifstofu í Havana. Þegar hér var komið sögu var Castró þekktur þjóðernissinni og ákafur andstæðingur þeirra ítaka sem Bandaríkin höfðu í innanríkis-málum Kúbu. Hann ákvað að hella sér út í stjórnmalabaráttuna og bauð sig fram til þingmennsku, en þá rændi Fulgencio Batista, hershöfðingi, völdum á Kúbu og ekkert varð úr þingkosningum.

Batista naut stuðnings yfirstéttar-

### Í HNOTSKURN

» Fidel Castro fæddist 13. ágúst 1926 utan hjónabands föður síns, en foreldrar hans giftust þegar hann var 17 ára.

» Castro tók virkan þátt í stúdentapólitíkinni og lærði lögfræði.

» Hann leiddi byltingu gegn Fulgencio Batista og steypti honum úr forsetastóli.

» 8. janúar 1959 kom Castro til Havana og 16. febrúar varð hann forsætisráðherra Kúbu.

» 1965 varð hann aðalritari kúbanska kommúnistaflokksins.

» 2. desember 1976 varð hann forseti Kúbu.

» 31. júlí 2006 fól hann Raúl bróður sínum forsetaembættið.

innar og Bandaríkjamanna og Castro kaus að fara þá leiðina að honum að kæra hann fyrir brot á stjórnarskránni. Stjórnarskrárdómstóllinn vísaði kæru hans frá og neitaði honum um áheyrn og þar með voru úrræði lögfræðingsins þrotin og Castro komst á þá skoðun að ekkert nema bylting gæti komið Batista frá völdum.

Og þegar Castro var kominn á þessa skoðun hikaði hann hvergi heldur hætti að praktisera og stofnaði byltingarhreyfingu, sem Raúl bróðir hans tók þátt í. Eftir liðs- og vopnasöfnun stýrði Castro liði sínu til árásar á Moncadabúðirnar, sem voru stærstu búðir Batista utan höfuðstaðarins. Árásin misheppnaðst en þrátt fyrir skípanir um að uppreisnarforingjar yrðu umsvifalaust skotnir, slapp Castro við þau örlög, en var dæmdur til 15 ára fangelsisvistar. Það var við þessi réttarhöld sem Castro flutti sína frægu ræðu; „Sagan mun sýkna mig.“ Í fangelsinu hélt Castro áfram neðanjarðarstarfsemi gegn Batista og varð laus eftir tveggja ára fangelsisvist er Batista veitti almenna sakaruppgjöf sem hann var þvingaður til af stuðningsmönnum sínum. Castro brá við skjótt og hélt til Mexíkó.

### Blóðug byrjun á byltingunni

Í Mexíkó hitti Castro fyrir marga kúbanska útlaga og stofnaði 26. júlíhreyfinguna, sem sótti nafn til misheppnuðu árásarinnar á Oncadabúðirnar. En Castro hitti fleiri en landa

## Með víkingablóð í æðum

Helmingur karla í Wirral og í Vestur-Lancashire afkomendur víkinganna

### UPPRUNI

Eftir Orra Pál Ormarsson  
orri@mbl.is

Norrænt víkingablóð vælar enn í æðum manna í Norðvestur-Englandi ef marka má nýlega rannsókn. Vísindamenn hafa undanfarin fimm ár rannsakað eitt hundrad karlmenn sem búsettir eru á Merseyside í Wirral og í Vestur-Lancashire en þeir eiga það allir sameiginlegt að ættarnöfn þeirra

hafa verið við lýði frá miðöldum. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að helmingur þessara manna eru af norrænum uppruna. Jafnhátt hlutfall reyndist vera af orkneysku bergi brotið.

Rannsóknin er samstarfsverkefni háskólanna í Nottingham, Leicester og College-háskólans í Lundúnum og fyrir fjórtán manna teymi fóru prófessorarnir Stephen Harding, Judith Jesch og Mark Jobling. Verkefnið naut veglegra styrkja. Frá rannsókninni er greint í febrúarhefti hins virta vísindatímarits *Molecular Biology and Evolution*.



Reuters

**Víkingur?** Ætli Steven Gerrard sé afkomandi Ingimundar norska?

### Litningar gott leidarmerki

Stephen Harding, sem er prófessor í lífefnafræði við Nottingham-háskóla, segir DNA Y-litninganna í körlum ganga mann fram af manni án þess að taka

miklum breytingum og fyrir vikið sé tiltölulega auðvelt að rekja uppruna manna. Y-litningarnir eru með öðrum orðum leidarmerki karlmanna – staðfesta hvaðan þeir eru komnir í karlegg.

„Þessi aðferð skilar mestum ár-

» Þessi aðferð skilar mestum árangri þegar íbúar á ákveðnu svæði eru bornir saman í stað einstaklinga.

angri þegar íbúar á ákveðnu svæði eru bornir saman í stað einstaklinga. Sú hefð að ættarnöfn fylgja karlmönnum kom líka í góðar þarfir,“ segir Harding en til þátttöku í rannsókninni völdust sjálfbóðaliðar sem bera ættarnöfn sem haldið hafa velli á svæðinu frá því fyrir aldamótin 1600. „Með þessum hætti sneyddum við hjá miklum búferlaflutningum sem átt hafa sér stað allar götur frá iðnbyltingunni á svæðum eins og Merseyside,“ segir Harding.

Hann gerir ráð fyrir að ýmsir muni fagna þessum tíðindum uppi á Íslandi, ekki síst stuðningsmenn hins fornfræga knattspyrnufélags Liverpool. „Ég veit að þeir eru fjölmargir á Íslandi.“

Þess ber að geta að hvorki Steven Gerrard né Jamie Carragher

sína, þar á meðal skæruliðann Ernesto Che Guevara, sem slóst í hópin og hafði mikil áhrif á Castro og hans menn. Viðræður við KGB-fulltrúann Nikolai Sergeevich Leonov í Mexíkóborg báru ekki tilætlaðan árangur í vistum og vopnum og Castro og félagar ákváðu þá að fara til Bandaríkjanna og afla fjár meðal Kúbverja þar. Síðan lá leiðin aftur í æfingabúðir í Mexíkó og í nóvember 1956 hélt Castro með 80 menn til Kúbu að koma uppreisninni af stað.

Skemmt er frá því að segja, að uppreisnarmennirnir höfðu ekki fyrir tekið land á Coloradasströndinni en her Batista stráfellði þá í fjöruborðinu. Tæpir tveir tugir manna, þar á meðal Castro, Che Guevara og Raúl sluppu í land og á burt upp í Sierra Maestra fjöllin. Sveitafólkið gekk margt til liðs við Castro sem og ýmsir andstöðuhópar, svo hann gat skipað liði á nýtt og haldið uppi stökum árásum á menn Batista unz tala má um skæruliðastríð.

Castro og mönnum hans sóttist vel gegn herjum Batista, sem sá sitt óvænna og flúði land 1. janúar 1959. Viku síðar hélt Castro innreið sína í höfuðborgina og 16. febrúar varð hann forsætisráðherra Kúbu, en hafði viku fyrir verið útnefndur yfirmaður alls herafllans. Þegar Castro komst á valdastól lýsti hann því yfir að hann myndi boða til kosninga og endurvekja stjórnarskrá landsins.

Stjórn Castro hófst þegar handa við lítinn fögnuð Bandaríkjanna að þjóðnýta land bandarískra stórfyrirtækja; United Fruit sérstaklega. Á þessum tíma neitaði Castro því harðlega að hann væri kommúnisti og sagði Kúbu lýðræðisríki. Til að freista þess að koma betra sambandi á við Bandaríkin og leita stuðnings, fór Castro með fríðu föruneyti til Bandaríkjanna í boði blaðamannaklúbbsins. Hann sló um sig með bröndurum og úðaði í sig pylsum og hamborgurum svo bandarískum almenningi féll þessi náungi vel í geð. Það sama var ekki uppi á teningnum hjá ráðamönnum og Eisenhower forseti neitaði að hitta hann að máli.

Þegar Castro kom heim úr Bandaríkjaferðinni með ekkert fast í hendi, ákvað hann að snúa sér á hina hliðina og halla sér að Sovétmönnum.

#### Lýðræði og mannréttindi lögd á hilluna

Castro var fljótur að snúa við blaðinu og beitti engum vettlingatökum, þegar hann var búinn að skipa sér í kommúnistaliðið. Hann lagði allar lýðræðishugmyndir til hliðar og mannréttindin líka og hefur ríkt sem einræðisherra í tæpa hálföld. Hann barði alla andstöðu niður og beitti ofsóknum, morðum og fangelsunum miskunnarlaust.

Þótt stefna Castro hafi leikið þjóð hans grátt hvað almenna afkomu snertir, nýtur hann enn vinsælda. Fjöldinn allur hefur reyndar greitt atkvæði með fótunum og flúð fangelsi og fátækt, sérstaklega til Bandaríkjanna, Flórída. Honum eru talin

voru í úrtakinu en sé tekið mið af framgöngu þeirra ágætu manna á velli kæmi ekki á óvart að þeir væru ættaðir úr Eyjafirði.

#### Æthelflæd tók við Ingimundi

Eftir að norskur víkingurinn Ingimundur og menn hans voru hraktir burt frá Dyflinni árið 902 tóku þeir land á norðurströnd Wirral. Það var engin önnur en lafði Æthelflæd sem úthlutaði þeim landrými til að byggja á.

Örnefni á þessum slóðum bera dvöl víkinganna glögglega merki, Aigburth, Formby, Crosby, Toxteth og Croxteth eru allt víkinganöfn, að ekki sé talað um knattspyrnufélagið Tranmere. Þá bera tveir staðir í Englandi nafnið Thingwall, báðir í norðaustri.

Að sögn Hardings er þetta aðeins upphafið að frekari rannsóknunum en næst hyggjast vísindamennirnir beina sjónum sínum að Norður-Lancashire, Cumbriu og Norður-Yorkshire.

Stephen Harding og hinir umsjónarmenn rannsóknarinnar eru væntanlegir hingað til lands með vorinu á vegum Háskólans í Reykjavík til að kynna rannsóknina með röð fyrirlestra.

til tekna gott heilbrigðiskerfi og menntakerfi, en hann hefur kennt viðskiptabanni Bandaríkjanna um það sem miður hefur farið. Andstaða hans við Bandaríkin hefur aflað honum fylgis og virðingur heima fyrir og víða í Rómönsku Ameríku.

Sovétríkin studdu Castro með hernaðar-, matvæla- og peningaaðstoð og keyptu alla sykurframleiðslu, sem þurfti, en eftir að þau hrundu harðnaði enn á dalnum á Kúbu. Castro leitaði á náðir Kínverja en fór næsta bönleiður til búðar. Þá brá hann á það ráð að gera Bandaríkjadollarann gjaldgengan á Kúbu og lögd var áherzla á að byggja upp ferðamannaíðnað í landinu.

Eftir því sem samband Castro og Krushchevs varð nánara kólnaði milli hans og Bandaríkjanna. Bandaríkjastjórn leitaði hófanna um að koma Castro frá völdum, Eisenhower sleit stjórnmalasambandi við

Kúbu 1961 og viðskiptabann var sett á Kúbu og Bandaríkjamönnum bannað að ferðast þangað. Eftir fellibylinn Michelle 2001 neitaði Castro neyðaraðstoð frá Bandaríkjamönnum, en vildi kaupa matvæli gegn 500 þúsund dollara staðgreiðslu. Sá háttur hefur verið á síðan og kalla Bandaríkjamenntun það neyðaraðstoð, hvað sem Castro segir, og því er það ekki brot á viðskiptabanninu.

#### Svínaflói og eldflaugadeilan

Svínaflói var sérstök aðgerð Bandaríkjanna til þess að steypa Castro af stóli. Undirbúningur hófst strax 1959 og 17. apríl 1961 gengu 1400 kúbanskir útlagar, sem CIA hafði þjálfað, á land í Svínaflóa. Svo mikið átti þetta að vera þeirra mál, að Kennedy forseti lagði þeim hvorki lið á láði né legi. Og svo illa misreiknaði CIA sig að í stað þess að innrásarliðinu yrði tekið opnum örmum og það stutt til uppreisnar gegn Castro,

hrundu hersveitir Castro innrásinni, felldu fjögur hundruð í fjörinni og tóku þúsund manns fasta.

Castro var stórrytur eftir þennan atburð: Byltingin hefur engan tíma fyrir kosningar, sagði hann og síðar lýsti hann því opinberlega yfir að hann væri marx-lenínisti og að Kúba myndi héreftr ganga á vegum kommúnismans.

Eldflaugamálið skók heiminn 1962 og er sagt að stórveldin hafi aldrei staðið nær kjarnorkustyrjöld en þá. Rússar settu upp eldflaugar á Kúbu, sem Bandaríkjamenntun mótmæltu og settu hafnbann á Kúbu. Sovézk flutningaskip með eldflaugahluti sigldu áleiðis til Kúbu og bandarísk herskip tóku sér stöðu tilbúin að stöðva þau. Castro hvatti Krushchev til að gera kjarnorkuárás á Bandaríkin ef þau réðust inn í Kúbu, en sovézkri aðalritarinn hafnaði því, en sovézkum herstjórum á Kúbu var heimilað að beita taktískum kjarn-

orkuvopnum ef Bandaríkjamenntun réðust á þá. Svo fór að Krushchev dró í land og samþykkti að fjarlægja flaugarnar á Kúbu gegn yfirlýsingu Bandaríkjanna um að þeir myndu ekki ráðast inn í Kúbu og einnig samþykktu Bandaríkjamenntun að fjarlægja sínar flaugar frá Tyrklandi og Ítalíu, en þeim var beint gegn Sovétríkjunum.

#### 638 morðtilraunir

Sögusagnir ganga um endalausar tilraunir Bandaríkjanna til að ráða Fidel Castro af dögum. Fabian Escalante, lengi lífvörður Castro, segir CIA hafa ráðgert 638 morðtilraunir við Castro. „Ef það að lifa af morðtilraunir væri keppnisgrein á Ólympíuleikunum, væri ég örugglega gullverðlaunahafinn,“ segir Castro.

Heimildir: BBC NEWS, Britannica, Morgunblaðið.

## Meistaránám og doktorsnám við menntavísindasvið HÍ / KHÍ

MENNTAVÍSINDASVIÐ

www.khi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS



### Meistaránám »

Menntunarfræði M.Ed. og M.A.

Sérkennslufræði M.Ed.

Stjórnunarfræði menntastofnana M.Ed.

Heimspeki menntunar M.A.

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed. og M.S.

Þroskajálfafræði M.Ed.

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Alþjóðlegt nám í menntunarfræði/

International studies in education M.A.

(kennt á ensku)

Kennsluréttindanam á meistarastigi

Sérsvið í menntunarfræði:

- » fjölmennning
- » fræðslustarf með fullorðnum – mannaúðspróun
- » heimspeki menntunar
- » íslenska – íslenskukennsla
- » kennslufræði og skólustarf
- » listmenntun – listasaga – verkmenntun
- » mál og læsi
- » menntunar- og kennslufræði yngri barna
- » náttúrufræðimenntun
- » stærðfræðimenntun
- » upplýsingatækni og miðlun

### Doktorsnám »

Menntunarfræði Ph.D.

#### Opið hús mánudaginn 25. febrúar

Kennarar, nemendur og námsráðgjafar taka á móti gestum frá kl. 16–18 í Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð.

Sérstök áhersla verður lögð á að kynna meistara- og doktorsnám við nýtt menntavísindasvið HÍ 2008–2009.

Umsóknarfrestur er til 15. mars / Umsóknareyðublöð á [www.khi.is](http://www.khi.is) og [www.hi.is](http://www.hi.is)